

Leikskólinn Gefnarborg
Syngjum
“Það er gott að vera sem gleðin býr”

Afi minn og amma mín og fleiri vísur

Afi minn og amma mín
úti á Bakka búa.
Þau eru bæði sæt og fín
þangað vil ég fljúga.

Úmbarassa, úmbarassa úmbarassasa
Úmbarassa, úmbarassa úmbarassasa

Sigga litla systir mín
situr út í götu.
Er að mjólka ána sína
í ofurlitla fötu.

Úmbarassa.....

Fljúga hvítu fiðrildin
fyrir utan gluggann.
Þarna siglir einhver inn
ofurlítill duggan.

Úmbarassa.....

Afi minn fór á honum Rauð
eitthvað suður á bæi.
Sækja bæði sykur og brauð
sitt á hvoru tagi.